

M-141/2010 Álit 17. desember 2010

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-141/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. nóvember sl. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna A hrærivélar sem hún keypti hjá Y og segir gallaða. Gerir hún kröfu til þess að seljandi geri við vélina eða leggi sér til nýja vél að öðrum kosti.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 9. nóvember, gaf kæruneftndin Y, kost á andsvörum. Með tölvupósti frá fyrirtækinu 11. nóvember óskaði fyrirtækið eftir því að kröfum álitsbeiðanda yrði beint að B en um það hefði orðið samkomulag á milli fyrirtækjanna. Kæruneftndin gaf þá síðarneftnda fyrirtækinu kost á andsvörum með bréfi, dags. 15. nóvember, og bárust andsvör 24. nóvember. Með bréfi, dags. sama dag, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 7. desember. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 9. desember sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu kæruneftndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt hrærivélina í Y, 23. febrúar 2007. Hún segist hafa verið búin að hakka 8 lambalifrar í vélinni og síðan sett í hana hálfan lauk. Þá hafi þyngt í vélinni, hún hætt að snúast og orðið heit að utan. Verður að gera ráð fyrir að þetta hafi nýverið gerst. Álitsbeiðandi segist hafa farið með hrærivélina til C á Selfossi og þar hafi hún fengið þær upplýsingar að aðeins 2ja ára ábyrgð væri á A hrærivélum sem keyptar væru í Y en 5 ára ábyrgð væri á vélum sem keyptar væru hjá C. Álitsbeiðandi óskar eftir því að kæruneftndin taki afstöðu til þess hvor kvörtunarfresturinn gildi um hrærivélina sem hún keypti.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir eftirfarandi:

„Snemma árs 2007 keypti Y hrærivélar af fyrirtækinu til að hafa í sölu hjá sér. Þetta voru allt vélar af gerðinni A K45-Classic. Þessar vélar eru með, og hafa alltaf verið með 2ja ára ábyrgð, enda útskýrt í leiðbeiningum á íslensku sem fylgja með vélinni. A framleiðir fleiri en eina tegund hrærivéla. Það er rétt að áréttast að A hefur alltaf haft sérstaka 5 ára ábyrgð á einni tegund úr framleiðslunni, þ.e. KSM150-Artisan hrærivélinni, á allri annari framleiðslu er lögbundin 2ja ára ábyrgð. A K45-Classic hrærivélar sem þessar eru ódýrustu hrærivélar sem A býður upp á og voru selda á innan við kr. 30.000 á þessum

tíma og við teljum ekki hægt að líta svo á að þær eigi að bera 5 ára kvörtunarfrest skv. lögum, og því er 2ja ára ábyrgðartíminn liðinn miðað við kaupnótu seljanda. Eins og fram kemur í lýsingu í beiðni X, þá er ljóst að vélin hefur verið að vinna undir álagi. A hrærivélin er ætluð til venjulegra heimilisnota. Röng notkun á hakkavélinni getur valdið óeðlilegu álagi á hrærivélinu og ljóst að ef vélin er yfirkeyrð þá getur það orsakað að eitthvað fari úr lagi. Ef slíkt gerist þá er ekki um að ræða framleiðslugalla. Samkvæmt samtali við C þá kom vélin þar inn til skoðunar og viðgerðar. Vélin var smurð upp og kraftúrtak liðkað upp. Vélin er í lagi. Viðgerð sem þessi getur ekki fallið undir ábyrgð, enda ekki um neinn framleiðslugalla að ræða.“

V

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og B hf. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvör B. sem hún ekki nýtti sér. Verður þannig á því að byggja sem kemur fram í andsvörunum að hrærivél álitsbeiðanda sé komin í lag og andsvörin verða ekki skilin öðru vísi en svo að vélin hafi einungis þarfnast minni háttar lagfæringar. Í álitsbeiðni er því lýst hvernig það atvikaðist að hrærivélin hætti að snúast og tók að hitna en það var vegna þess að álitsbeiðandi ætlaði að hakka hálfan lauk í einu sem vélin sýnist ekki hafa ráðið við. Atvikið verður þannig rakið til notkunar álitsbeiðanda á hrærivélinni. Kærufndin treystir sér ekki til þess að líta svo á að það teljist galli á hrærivél álitsbeiðanda að hafa ekki ráðið við að hakka laukinn með þeim hætti sem álitsbeiðandi ætlaðist til að hún gerði og er því ekki ástæða til að nefndin taki afstöðu til þess hvort kvörtunarfrestur vegna þessarar tegundar hrærivéla fer eftir 1. eða 2. málslið 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga. Af framangreindum ástæðum álitur kærufndin að hafna verði kröfum álitsbeiðanda.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir